

STJÓRNARTÍÐINDI C – 1992

2. janúar 1992

Nr. 1

AUGLÝSING

um niðurfellingu bókarar við EFTA-samninginn varðandi Liechtenstein.

Með ákvörðun ráðs Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) nr. 2/1991 22. maí 1991 var Liechtenstein heimilað að gerast aðili að samningi frá 4. janúar 1960 um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu. Í samræmi við ákvörðunina var aðildarskjal Liechtenstein afhent sænska utanríkisráðuneytinu 30. ágúst 1991 og öðlaðist aðild gildi 1. september 1991. Sama dag féll bókun við samninginn um beitingu hans gagnvart Liechtenstein úr gildi, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1970 þar sem bókunin er birt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 2. janúar 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

2. janúar 1992

Nr. 2

AUGLÝSING

**um gildistöku breytingar á samkomulagi um sameiginlega greiðslu
kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Íslandi.**

Bókun frá 3. nóvember 1982 um breytingu á samkomulagi frá 25. september 1956 um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Íslandi öðlaðist gildi endanlega 17. nóvember 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1987 þar sem bókunin er birt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 2. janúar 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.